

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

SPURNINGAHEFTI

Nafn: _____

Bekkur: _____

- Prófið er í þremur hlutum: Spurningahefti, svarblað og ritunarblað.
- Merktu svarblað og ritunarblað með nafni þínu, kennitölu og skóla.
- Settu nafn þitt líka á spurningaheftið.
- Lestu öll fyrirmæli vandlega.
- Íslenskuprófið skiptist í bókmenntir og lestur (55%), málfræði (25%) og ritun (20%).
- Svör við öllum spurningum í þessu hefti á að færa á svarblaðið.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Helgi skreiðist fram með sængina á öxlunum. Af syfjusvipnum að dæma hefur hann sofið álíka laust og ég.

Kaffikannan þín er asnaleg, segir hann með stírnar í augunum. Hljóðið í henni vakti mig.

Þú þurftir að vakna, segi ég og lít af fréttasíðunni á skjánum. Veit ekki hvaðan á mig stendur veðrið, kafaldsbylur blæs í eldhúsinu og kuldinn stingur eins og grýlukerti. Augu Helga frjósá, ísblá þegar hann kveikir loftljósið. Hann hlammar sér á stól dregur sængina upp á haus og urrar: Ég má sofa ef ég vil. Ég má gera allt sem ég vil. Ég er foreldralaus.

Af skyldurækni hins fullorðna fullyrði ég að hann þurfi að mæta í skólann.

Hver segir að ég þurfi að gegna þér? spyr hann fúll en nýtur greinilega reiðinnar í rödd sinni, hvers dropa af ögrun.

Ég hika. Segi síðan að þannig sé það nú bara, hann hljóti að skilja það. En hann þvertetur fyrir það og þykist ekki þekkja mig svo það sé bara asnalegt að gegna mér, hann geti alveg eins gegnt fólkinu í næsta húsi. Náttúrlega hefur drengurinn lög að mæla svo ég játa mig sigraða og spyr hverjum hann ætli þá að gegna.

Mömmu, segir hann. Og kannski pabba.

Auðvitað, auðvitað, segi ég, staðráðin að dylja sárindi yfir óvæntri morgungeðillskunni þó að maginn hafi fyllst af nagdýrum. Það er herpingur í rómnum þegar ég minni hann á að hvorugt þeirra sé hérna núna.

Hættu að tala illa um mömmu og pabba! Þetta er allt þér að kenna, fussar Helgi allur á röngunni, sá hefur farið öfugt fram úr rúminu. Ég stari vanmáttug á hann. [...]

Þú átt yndislega foreldra, segi ég án þess að fá ráðið við hörkuna í röddinni. Svo þú verður að treysta þeim fyrir ... þér. Þú verður að hætta að plata mömmu þína, þú verður að segja henni

að pabbi þinn sé búinn að vera í burtu síðan þú komst.

Munnvik hans titra, hann starir ofan í kjöltuna og keppist við að fela tárin svo það sljákkar í mér; ég færi mig nær honum og ítreka að hún þurfi að vita hvernig málin standi, ef honum þyki óþægilegt að láta hana vita geti ég gert það. Þá er úr honum allur vindur. Sængin rennur niður á gólfið þegar hann flýr augnaráð mitt, mjór í herranáttfötunum sínum og kyngir kekki sem hvissar eins og ísmoli í sódavatni. Hvíslar að hann „vilektruf!“.

Ha? hvái ég svo hann lítur snöggt upp, kiprar augun bálreiður og segir skýrt en hvasst að hann vilji ekki trufla hana.

Þú ert ekki ...

Jú! Hann kreppir hnefana svo fast að hnúarnir hvítna. Mamma mín þarf að vinna mjög mikið. Þú mátt ekki segja neitt við hana. Gerðu það, Sunna! Annars missir hún vinnuna og þá get ég aldrei flutt heim til Danmerkur. Þú verður að lofa! Lofa! Lofa!

Við þessu er fátt að segja. Ég þekki þessa líðan. Veit hvernig það er að elska mömmu sína svo mikið að manni verður illt. Hvernig það er að gráta af ótta við að hún deyi úr þreytu. Og eina ráðið við því er að vera til friðs. Ég dæsi, tek varlega utan um hann og finn hvernig sljákkar í barnslíkamanum þegar ég lofa að þegja með því skilyrði að hann gegni mér svo lengi sem við erum tvö.

Helgi kinkar kolli en hristir hann þegar ég ýti skálinni með súkkulaðimolunum í áttina að honum. Niðurlútur þegar hann ítrekar að sig vanti föt. Hin séu orðin skítug strax aftur svo hann bráðvanti eitthvað til skiptanna.

(Auður Jónsdóttir, 2009, Vetrarsól)

1. Hvernig líður Helga þegar hann fer fram úr um morguninn?

- A Hann er feiminn.
- B Hann er sorgmæddur.
- C Hann er stúrin.
- D Hann er vandræðalegur.

2. Setningin „kafaldsbylur blæs í eldhúsinu“ undirstrikar að

- F andrúmsloftið er þjakandi.
- G ósamkomulag er ríkjandi.
- H rifrildi er í uppsiglingu.
- I viðhaldi eldhússins er ábótavant.

3. Hvers vegna segist Helgi ætla að óhlýðnast konunni?

- K Hann álitur hana sér óviðkomandi.
- L Hann kvíðir þessum skóladegi.
- M Hann langar til að særa hana.
- N Hann nennir alls ekki í skólann.

4. „... þó að maginn hafi fyllst af nagdýrum.“ Hverju er verið að lýsa?

- P framkomu foreldranna
- R hugarástandi Helga
- S líðan konunnar
- T samskiptum Helga og konunnar

5. Hvað ráðlagði konan Helga að gera?

- V Koma hreint fram við foreldra sína.
- X Líta tilveruna bjartari augum.
- P Sýna foreldrunum umburðarlyndi.
- ✿ Æ Vanda framkomu sína á heimilinu.

6. „og kyngir kekki“ þýðir að hann

- A berst við grátinn.
- B kreppir hnefana.
- C missir móðinn.
- D sýpur hveljur.

7. Hvað styðst konan við þegar hún hugsar um vandamál Helga?

- F eigin reynslu
- G fjölskyldutengsl sín
- H lestur fræðibóka
- I menntun sína

8. Undir lok textans hafa Helgi og konan

- K fjarlægst hvort annað.
- L gefist endanlega upp.
- M komist að samkomulagi.
- N yfirstigið erfiðleika.

9. Hvaða setning á best við þær tilfinningar sem Helgi ber til móður sinnar?

- P Hann er reiður henni.
- R Hann forðast hana.
- S Hann óttast hana.
- T Hann vill vernda hana.

10. Höfundur notar veðurfarslýsingar til að

- V forðast beinar lýsingar.
- X lýsa hugarástandi viðstaddra.
- P tefla fram andstæðum.
- ✿ Æ vekja hroll með lesanda.

11. Hugblær textabrotsins er

- A angurvær.
- B glaðvær.
- C hatursfullur.
- D háðslegur.

12. Um hvað fjallar textinn?

- F hjálpssemi
- G samskipti
- H skapvonsku
- I vináttu

Nýi stórmeistarinn í Jeopardy heitir Watson. Eftir þriggja áfanga keppni verða tveir meistarar í þessari vinsælu spurningakeppni að játa sig sigraða. Watson fékk alls 77.147 stig en mennirnir tveir 24.000 og 21.600 stig, sem sýnir glöggt að staða þeirra var í rauninni vonlaus frá byrjun.

Þessi keppni var sýnd í bandarísku sjónvarpi og markar tímamót í sögu þessa vinsæla leiks, þar sem stjórnandinn gefur svarið en keppendurnir eiga að finna spurninguna. Fyrst og fremst er þetta tímamótaáfangi í þróun gervigreindar. Watson er ekki af holdi og blóði, heldur ofurtölva sem verið hefur í smíðum hjá IBM í 4 ár.

Með sigri Watsons tekur IBM upp þráðinn þar sem frá var horfið þegar önnur IBM-tölva, Deep Blue, sigraði ríkjandi heimsmeistara í skák, árið 1997. Sá sigur vakti mikla athygli og kom af stað vangaveltum um þróun gervigreindar í framtíðinni. Deep Blue gat aðeins teflt skák, en Watson er mun fjölhæfari tölva og að auki 100 sinnum öflugri.

Í sjónvarpskeppninni spilar Watson, sem í myndverinu sést sem skjár með breytilegu lógói, á nákvæmlega sömu forsendum og mennirnir tveir sem einnig taka þátt. Vísbendingar þátttakandans eru settar fram á venjulegri ensku og í þeim felast margvíslegir orðaleikir og gildirur sem eru miklu erfiðari viðfangs fyrir tölva en skýrar og vel skilgreindar reglur í skák.

Á sama augnabliki og mennirnir tveir fá vísbendinguna upp á skjá, fær tölván nákvæmlega sömu skilaboð í textaformi. Watson er með nettengingu en hefur hins vegar innbyggt gríðarlegt magn upplýsinga, sem allar eru tiltækar í 15 terabæta vinnsluminni. IBM hefur þróað sérstakt forritakerfi, DeepQA, til að greina vísbendingar og finna svarið á grundvelli upplýsinganna. Þetta er ekki létt verkefni, því hvaða efni sem er getur komið upp í þessum þætti.

Í Jeopardy er ekki nóg að finna réttu lausnina, heldur er einnig nauðsynlegt að vera snöggur að ýta á hnappinn og til að gæta jafnræðis hefur Watson sérstakan „fingur“ til þess. Þátttakendur fá aðeins nokkurra sekúndna umhugsunartíma. Ef hið háþróaða DeepQA-kerfi væri keyrt á venjulegri tölvu, tæki það hana um 2 klukkutíma að finna sennilega lausn. En Watson er engin venjuleg tölva, heldur ofurtölva samsett úr 90 „Power 750“-tölvum sem komið er fyrir í 10 skápum, sem hver um sig er á stærð við kælskápa. Í hverri tölvu eru 32 afar hraðvirkir örgjörvar og þegar þessar 2.880 einingar vinna samhliða, ná þær 80 milljörðum reikniaðgerða á sekúndu og þess er þörf til að svara nær samstundis.

Þrátt fyrir alla vinnuna sem menn hafa lagt á sig, hefur Watson hreint ekki alfullkomna greind. Þegar tölván lendir á villigötum, svarar gerviröddin oft alveg út í hött. Þegar t.d. er spurt um ákveðna listastefnu, svarar Watson „Hver er Picasso?“ Þetta ranga svar sýnir greinilega að þrátt fyrir allt er Watson aðeins tölva, sem ekki hefur neinn raunverulegan skilning á merkingu vísbendinganna, heldur reynir aðeins að finna samsvörun milli orðanna í vísbendingunni og þeirra milljóna orða og setninga sem hún geymir í gagnagrunni. Sigur tölvunnar sýnir engu að síður að í langflestum tilvikum virkar kerfið vel. Watson vinnur eina milljón dollara í sigurlaun, en það fé er samstundis gefið til góðgerðarmála.

En hjá IBM ætla menn Watson stærra hlutverk en bara að sigra í spurningakeppni. Meðal annars er ætlunin að nota slíkar tölvur til sjúkdómsgreininga á grundvelli einkenna sjúklings og sjúkdómasögu hans með því að leita í stórum, læknisfræðilegum gagnagrunni. Tæknileg ráðgjöf er annað mögulegt starfssvið. Sá dagur, þegar við getum spurt heimilistölvuna okkar á móðurmálinu og fengið nákvæmt svar hefur nú færst einu skrefi nær.

(Lifandi vísindi, 2011)

13. Í upphafi textans kemur fram að nýi stórmeistarinn hafi

- K játað sig sigraðan eftir þriggja áfanga keppni.
- L staðið undir væntingum manna tveggja.
- M strax náð miklu forskoti á mennina tvo.
- N unnið mennina tvo með naumindum.

14. Af hverju er erfiðara fyrir tölvu að taka þátt í spurningakeppni en að tefla skák?

- P Í spurningakeppni eru fleiri þátttakendur.
- R Reglurnar eru óskýrari í spurningakeppnum.
- S Skák er talin frekar einföld íþrótt.
- T Spurningakeppni byggir á meira magni upplýsinga.

15. Watson hafði „fingur“ til að

- V allir keppendur stæðu jafnt að vígi.
- X áhorfendur vissu hvað tölvan væri að gera.
- P geta slegið inn réttu leitarorðin.
- ✿ Æ sýna hve tækninni hefur fleygt fram.

16. Hver er helsti munurinn á Watson og venjulegri tölvu?

- A Venjuleg tölva er hreyfanlegri.
- B Venjuleg tölva er miklu stærri.
- C Watson býr yfir sérstöku forriti.
- D Watson sýnir mannleg viðbrögð.

17. Yfirburðir Watson byggja á

- F frjóu ímyndunarafli.
- G mikilli yfirvegum.
- H skarpri einbeitingu.
- I skjótum viðbrögðum.

18. Með kynningu á Watson tölvunni

- K er áralöngum deilum vísindamanna lokið.
- L er hulunni svipt af áratuga rannsóknum.
- M er kastljósinu beint að gervigreind.
- N tókst að uppræta ríkjandi fordóma.

19. Textinn er um

- P hve fullkomin tölvan er í samanburði við mannsheilann.
- R hverju háhraðatölva getur áorkað.
- S hvernig hin fullkomna tölva virkar.
- T hvernig tölvur standa sig í spurningakeppnum.

Refurinn gerir gren í urð,
gengur út til veiða.
Oft er bággt og bjargarþurrð
í búi fram til heiða.

Flæmdur er hann á fjöllin einn.
Fátt er þar til bjarga.
Vininn á hann ekki neinn,
en andstæðinga marga.

Skeytir hann ei um boð né bann,
bítur fé í högum,
dræpur, hvar sem hittist hann,
að hunda og manna lögum.

Mannúðin okkar manna
er mikil og dásamlig.
Við göngum svo langt í gæðum,
að guð má vara sig.

(Örn Arnarson, Illgresi, 1966 - brot)

20. Refurinn gerir gren í urð,
gengur út til veiða.
Í ljóðlínunum er að finna

- V beina mynd.
 X myndhverfingu.
 Þ persónugervingu.
✿ Æ viðlíkingu.

21. **Fyrsta erindið dregur upp mynd af**

- A erfiðri lífsbaráttu refsins.
 B samskiptum refs og manns.
 C veiðiaðferðum refsins.
 D örvæntingu refsins.

22. **Stuðlarnir í þriðju línu annars erindis eru**

- F á og e.
 G e og n.
 H h og n.
 I v og h.

23. **Í þriðja erindi kemur fram að refurinn er**

- K hvergi óhultur.
 L hættulegur mönnum.
 M vandfýsinn á fæðu.
 N æðri öðrum dýrum.

24. Í ljóðinu má skynja af hálfu ljóðmælanda

- P illindi í garð refsins.
- R kaldhæðni í garð mannanna.
- S skilning á viðhorfum manna.
- T virðingu við lög og rétt.

25. Rauði þráðurinn í ljóðinu er

- V að höfundu er í nöp við refinn.
- X að höfundur hefur gaman af refnum.
- P hlutleysi höfundar gagnvart refnum.
- ✿ Æ samúð höfundar með refnum.

26. Hugblær ljóðsins er

- A blíðlegur.
- B glaðvær.
- C hátíðlegur.
- D tregafullur.

Málfræði

27. Merktu við setninguna sem telst gott mál.

- F Gunnari langar til að slaka á klónni í þessu máli.
- G Jóni var ekki skemmt þegar hann sá bílinn.
- H Taktu bréfið með til Einar Þórs og Jóhannesar.
- I Þér hlakkar auðvitað til ferðarinnar.

28. Var það sá sem kom í gær eða hinn sem kom í morgun? Tvö fornafnanna í setningunni tilheyra sama flokki.

Hver er hann?

- K ábendingarfornöfn
- L eignarfornöfn
- M persónufornöfn
- N óákveðin fornöfn

Málfræði framhald

29. Hvert orðanna hér að neðan er aðeins til í fleirtölu?

- P andstæður
- R áhyggjur
- S ákæru
- T þrætur

30. Mér finnst hundurinn haga sér skringilega. Sástu skringilega skúrinn í túninu?

Undirstrikaða orðið er

- V atviksorð í báðum tilvikum.
- X atviksorð í fyrra tilvikinu en lýsingarorð í því síðara.
- P lýsingarorð í báðum tilvikum.
- ✿ Æ lýsingarorð í fyrra tilvikinu en atviksorð í því síðara.

31. Stofn sagna finnst í

- A boðhætti.
- B framsöguhætti.
- C nafnhætti.
- D viðtengingarhætti

32. Samkvæmt öfgasinum stendur menningu og efnahags Noregs ógn af straumi fólks til landsins. Hver er villan í málsgreininni?

- F Eitt orðanna er í röngu falli.
- G Eitt orðanna er í röngu kyni.
- H Eitt orðanna er í röngum hætti.
- I Eitt orðanna er rangt stafsett.

33. Hvers vegna er ý í orðinu „sýgur“?

- K Klofning kemur fram í stofni orðsins.
- L Vegna þess að hljóðskipti koma fyrir í beygingum.
- M Vegna þess að „jú“ er í stofni orðsins.
- N Vegna þess að sögnin hefur sterka beygingu.

Draumurinn var orðinn að bláum og köldum veruleika, við vorum sigld af stað. Í hvert sinn sem við lögðum úr höfn, dúðuð föðurlöndum og lopapeysum undir sjógöllum gegn nöprum haustnæðingnum, leið mér einsog ég væri að leggja útí opinn dauðann, líktog hermanni á leið í stríð. Ég kvaddi í laumi móður Jörð, leysti landfestar með trega í táknrænni athöfn sem ég ein skildi og reyndi svo að horfa hetjulega framávið, því innst inni vildi „ek út“, þrátt fyrir þær fórnir og skelfingar sem það hafði í för með sér.

Þetta haust gaf öðrum ekkert eftir í brælum og vestanstormum í Norðursjónum. Oft sigldum við út í skottið á þeirri sem var að ganga yfir og rétt komumst í höfn áður en sú næsta náði að læsa í okkur klónum. Og meðan við lágum dögum saman veðurteppt við bryggju gafst nægur tími til að hugsa um hættur hafsins, heyra „hafnarrottur“ þylja hrakfallasögur aldarinnar eða endurlesa sælitterátúrinn með nýjum skilningi reynslunnar.

Í draumsýninni um siglingar og ferðalög var aldrei þessi taugastrekkjandi bið eftir gæftum, þessar langdregnu hafnarlegur né vantraustið í svip landkrabbanna þegar maður fúlstaði við heilræðum um vetursetu. Aldrei höfðu þeir séð jafn lítið skip ætla suður jafn seint á árinu.

En Þorri virkaði sallarólegur og hafði óbilandi trú á hafskipinu nýja. Hann mundi eftir þessum fínu veðrum um hávetur heima þegar hæð var yfir Halanum og sjórinn lá spegilfagur sólarhringum saman og logaði af stjörnuskini og norðurljósum langra vetrarnátta. Svona hægviðri hlytu að koma hér, ef maður bara biði nógu lengi. Og hin nýbakaða áhöfn ákvað að setja traust sitt á skipstjóran, skútuna og forsjónina og láta engan bilbug á sér finna.

En úti á sjó gat veruleikinn orðið að vondum draumi, hafið ekki blátt heldur grátt. Það er eitt að lesa um og ímynda sér hvernig lítið skip lætur í sjó og vindi og annað að upplifa það á eigin líkama og sál. Sú heimsmynd sem maður á að venjast kollvarpast, það er rykkt í heimshornin fjögur og þau hrist og skekin, líkt og tröllskessur væru að strekkja á milli sín nýpvegin sængurföt. Öll veröldin skoppar og skelfur; skýin æða yfir himininn, sjórinn öslar áfram með frussandi brussugangi, skútan er leiksoppur aldanna, þær kasta henni milli sín, vindhviðurnar skella í seglin og halla henni á hliðina, manni líður eins og beri í kokteilhristara; innyflin synda um líkamann sem neytir allra sinna krafta og einbeitingar við að skorða sig af og halda sér föstum. Og það er engin leið að stöðva heiminn.

Áður en við lögðum af stað hafði ég talið mér trú um að sjóveiki væri aðeins skortur á viljastyrk, ef ekki tóm ímyndun. Slíkt veiklyndi skyldi ekki koma yfir mig. Það var því í auðmýkjandi uppgjöf, blandinni reiði og örvinglan að ég úðaði fyrstu fórninni út yfir altari Ægis og hneig skömmu síðar í koju, uppgefin og sannfærð um yfirvofandi endalok.

Fyrsti stormurinn var reyndar „bara bræla“, var mér tjáð. Átta vindstig, að vísu krappasjór ýfður upp af sterkum sjávarfallastraumi Ermarsunds og helköldum gusti frá sífosnum sléttum Síberíu. En náttúran sýndi hvers hún er megnug. Þvílíkur dómadags hávaði í öldunum, brotdrunur og vatnsskruðningar. Eða hvínandi vælið í vindinum! Reiðinn ýlfraði eins og soltin úlfahjörð ... eða voru það þvingaðar raddir votra vofa undirdjúpanna?

Hvernig gátu þessar annars svo mjúku höfuðskepnur, himinn og haf, loft og vatn, fyllst slíkum rasandi krafti? Skútan var eins og tilgangslost sprekk, sem var kastað til og frá af

Þessum skeytingarlausu öflum. Reyndar ekki alveg tilgangslaust, því einhvernveginn virtist þorri hafa á tilfinningunni hvernig ætti að hagræða seglunum, hvaða bönd ætti að stramma og slaka, hvenær skyldi rifa og ekki síst; í hvaða átt skyldi stýrt.

Það þýddi ekki að gefast upp fyrir sjóveikifjandanum, ég varð að geta hvílt skipsfélaga minn. [...]

Var nokkur furða að ég velti fyrir mér tilgangi þessarar ferðar á einmanalegum næturvöktum, þar sem ég sat niðurreyrð og skorðuð af í horni skutsins eins og uppstoppaður bangsi, spyrnti við fótum í bekkinn á móti og kreppti hálfkalnar hendur um stýrið? Augun límd við náttljós áttavitans sem sló rauðri skímu á hvefldan glerkúpulinn og lýsti upp stefnuna á

kompásrósinni. Hann var líkastur spádómskúlu með vonarglætu um leiðina að landi.

Á einni næturvaktinni í Ermarsundi sat ég köld og sjóveik í skuthorninu með saltblauta kekköku í þriggjalaga vettlingaðri hendi og streittist við að halda stefnunni; gætti þess að líta aldrei til baka á tröllauknar öldurnar sem eltu okkur en horfði á fullan mánann yfir heimsendalegu landslagi sjóndeildarhringsins. Hvernig gat hann verið svona kyrr þegar allt annað var á fleygiferð? Og ég hét honum og sjálfri mér, að ef við næðum nokkurntíma landi skyldi ég viðurkenna ósigur minn. Biðja „drauminn“ afsökunar á þessum misskilningi og finna mér gróðurhús eða geitasel, bara eitthvað nógu langt frá sjónum.

(Unnur Jökulsdóttir og Þorbjörn Magnússon, 1991, Kjölfar Kríunnar – á skútu um heimsins höf)

34. Hvaða setning lýsir best hugarástandi konunnar í upphafi kaflans?

- P Hún var eirðarlaus.
- R Hún var gagntekin fögnuði.
- S Tilfinningar hennar voru blendnar.
- T Tilfinningarnar báru hana ofurliði.

**35. „... taugastrekkjandi bið eftir gæftum ...“
Undirstrikaða orðið merkir**

- V gott sjóveður.
- X góður afli.
- P siglingaleyfi.
- ✿ Æ veðurspá.

36. Hvernig fór skipstjórinn að því að róa áhöfnina?

- A Hann fór yfir öryggisatriði um borð.
- B Hann rifjaði upp sögur af veðurfari.
- C Hann treysti á æðri máttarvöld.
- D Hann útskýrði góða eiginleika skipsins.

37. „Sú heimsmynd sem maður á að venjast kollvarpast ...“ Hvað merkir undirstrikaða orðið?

- F festast
- G herðast
- H umturnast
- I vænkast

38. Skömmu áður en konan fór í koju

- K féll hún í yfirlið.
- L kastaði hún upp.
- M reiddist hún þorra.
- N synti hún í sjónum.

**39. „Reiðinn ýlfraði eins og soltin úlfahjörð.“
Í setningunni má finna**

- P minni.
- R persónugervingu.
- S tákn.
- T viðlíkingu.

40. Skútunni er líkt við „tilgangslaust sprek“ til að

- V lýsa markmiði ferðarinnar.
- X lýsa sálarangist konunnar.
- Þ sýna mátt höfuðskepnanna.
- ✿ Æ sýna vankunnáttu áhafnarinnar.

41. Hvað kom í veg fyrir að konan legðist veik í koju?

- A eldmóður
- B hreysti
- C stolt
- D þrjóska

42. Lokaorð textans fela í sér

- F bjartsýni.
- G niðurlægingu.
- H uppgjöf.
- I von.

43. Tilgangur sjóferðarinnar var að

- K elta gamlan draum.
- L flytja skútu suður á bóginn.
- M takast á við náttúruöflin.
- N öðlast frægð og frama.

44. Hvert er sjónarhorn höfundar?

- P Sögumaður sér í hug allra persónanna.
- R Sögumaður skyggnist inn í hug einnar persónu.
- S Sögumaður skyggnist inn í hug tveggja persóna.
- T Sögumaður stendur fyrir utan hug persónanna.

45. Um hvað er textinn?

- V Átök mannsins við óblíð náttúruöfl.
- X Hvernig bregðast skuli við vondum veðrum.
- Þ Hvernig hægt er að yfirstíga erfiðleika.
- ✿ Æ Samband karls og konu um borð í skútu.

46. „Ei er sopið þótt í ausuna sé komið.“

Hvaða málsháttur hefur svipaða merkingu?

- A Botnlaust djúp er bágð að kanna.
- B Djúp vötn falla fram með minnstum gný.
- C Ekki er fugl í höndum þó fljúgi með ströndum.
- D Enginn sér annan lengra en til tanna.

47. Sólin skein inn um gluggann.

Hvar er flokkað rétt í orðflokka?

- F nafnorð – sagnorð – atviksorð – forsetning – nafnorð
- G nafnorð – sagnorð – forsetning – atviksorð – nafnorð
- H nafnorð – sagnorð – samtenging – atviksorð – nafnorð
- I sérnafn – sagnorð – atviksorð – forsetning – nafnorð

48. Hvað þýðir orðtakið „að fá eitthvað í þokkabót“?

- K að fá eitthvað aukalega
- L að fá eitthvað kræsilegt
- M að fá eitthvað lítilsvert
- N að fá eitthvað ókeypis

49. Hvað einkennir nafnorð sem hafa veika beygingu?

- P Beyging þeirra er óregluleg.
- R Þau enda á „s“ í eignarfalli.
- S Þau enda á samhljóða í aukaföllum.
- T Þau enda á sérhljóða í öllum föllum.

50. Sagnir í boðhætti eru aðeins til í

- V 2. persónu.
- X 3. persónu.
- Þ fleirtölu.
- ✿ Æ þátíð.

Gull-Þóris saga er ein af Íslendingasöggunum og segir hún frá Gull-Þóri Oddssyni, höfðingja í Þorskafirði og félögum hans.

3. kafli

Það var einn dag er þeir félagar reru á fiski og komu síð að landi. Úlfur gekk í móti þeim og er þeir höfðu búið um skip sitt sá Þórir hvar eldur var nær sem lýsti af tungli og brá yfir blám loga. Þórir spurði hvað lýsu það væri.

Úlfur segir: „Ekki skuluð þér það forvitnast því að það er ekki af manna völdum.“

Þórir svarar: „Því mun eg þó eigi vita mega þótt tröll ráði fyrir?“

Úlfur kvað það vera haugaeld. Þá grófst Þórir eftir.

En Úlfur segir að lyktum og mælti: „Agnar hét berserkur son Reginmóðs hins illa. Hann lét gera haug þenna og gekk þar í með skipshöfn sína alla og mikið fé annað. Hann ver hauginn með tröllskap síðan svo að engi má nær koma en margir eru dauðir er til hafa komið að brjóta og eigi vitum vér hvort hann tryllist dauður eða kvikur.“

Þórir mælti: „Vel er nú mælt og það er nú drengilegra að afla þar fjár en róa til fiska og þar skal til hætta.“

Úlfur latti hann mjög og allir félagar Þóris og kvað Úlfur ei hlýða mundu að farið væri. Þórir kveðst eigi að síður fara mundu. [...]

(Þóri dreymdi að til hans kom maður vel vopnum búinn og sagði reiðilega:) „Ills manns efni ertu er þú vilt ræna frændur þína, en eg vil,“ sagði hinn komni maður, „gera til þín verðleikum betur því að eg er bróðir föður þíns og sammæður við hann. Eg vil gefa þér gjafir til þess að þú hverfir aftur og leitir annarra féfanga. Þú skalt þiggja að mér kyrtil góðan, þann er þér mun hlífa við eldi og vopnum, og þar með hjálm og sverð. Eg skal og gefa þér glófa þá er þú munt enga fá slíka því að liði þínu mun óklaksárt verða ef þú strýkur

þeim með. Þessa glófa skaltu á höndum hafa þá er þú bindur sár manna og mun skjótt verk úr taka. Hníf og belti læt eg hér eftir og það skaltu jafnan á þér hafa. Eg mun og gefa þér tuttugu merkur gulls og tuttugu merkur silfurs.“

Þórir þóttist svara að honum þótti þetta of lítið af svo nánnum frænda og férikum og lést eigi aftur munu hverfa við litla fémútu.

„Vissi eg ei,“ segir Þórir, „að tröll væri mér svo nær í ætt áður þú sagðir mér. En engrar eirðar ættir þú af mér von ef ei væri frændsemi með okkur.“

Agnar segir: „Seint munu þín augu fyllt verða á fénu og því máttu vorkynna mér,“ sagði Agnar, „að mér þyki féð gott því að þú munt ærið mjög elska féð áður lýkur.“

Þórir segir: „Ekki hirði eg um illspár þínar. En þiggja vil eg að þú vísir mér til meiri févonar ef þú vilt þitt fé undan þiggja.“

„Heldur vil eg það,“ segir Agnar, „en deila illdeildum við þig. Valur hét víkingur er átti gull mikið. Hann bar féið undir helli einn norður við Dumbshaf og lagðist á síðan og synir hans með honum og urðu allir að flugdrekum. Þeir hafa hjálma á höfðum og sverð undir bæglum. Nú er hér kálkur er þú skalt drekka af tvo drykki en förunautur þinn einn drykk en þá verður eftir það sem má.“

Síðan vaknar Þórir og voru þessir hlutir allir þar í hjá honum er Agnar gaf honum. Ketilbjörn vaknar og hafði heyrt allt þeirra viðræmli og svo séð hvar Agnar fór. Hann bað Þóri taka þenna kost. Eftir það tók Þórir kálkinn og drakk af tvo drykki en Ketilbjörn einn.

Nú féll á þá svefn. Agnar kom þá enn og lagði ráð til með Þóri hversu hann skyldi vinna hellinn Vals víkings.

4. kafli

Eftir það vitkuðust þeir og vakna, fóru heim síðan. Þeir sögðu Úlfi hvað fyrir þá hafði borið og báðu hann vísa sér til hellis Vals. Úlfur latti þá þeirrar ferðar og bauð þeim fé til að þeir færu eigi og segir engan aftur hafa komið, þann er farið hafði.

En Þórir vill fara fyrir hvern mun. Og litlu síðar ráðast þeir félagar til ferðar og fara norður við Dumbshaf. Þar fellur á mikil í gljúfrunum fram af bergi og allt út í sjó. Þórir kenndi þá að þeir voru þar komnir sem honum var til vísað. Þeir fóru á bergið og höfðu þann umbúnað er Agnar hafði kennt þeim, hjuggu upp tré mikið og færðu limarnar fram af berginu og báru grjót á rótina. Síðan tóku þeir kaðal og festu við limarnar. Þá bauð Þórir sínum förunautum að fara og hafa fé það er fengi. En engi þeirra bar traust til að ná hellinum þótt engi væri önnur hætta en sú og báðu þeir hann frá hverfa.

Þórir segir: „Ekki mun nú það verða. Er það líkast að eg hætti á og hafi eg fé skuldlaust slíkt er fæst.“

Þeir létust eigi mundu til fjár kalla og sögðu hann ærið til vinna ef hann næði.

Þórir fór af klæðum sínum og gerði sig léttbúinn. Hann fór í kyrtil Agnarsnaut og tók glófana, beltið og hnífinn og línu mjóva er Agnar fékk honum. Gekk hann svo fram á tréið. Þá skaut hann spjótinu yfir ána og festi það öðrumegin árinna í viðinum. Eftir það fór hann í festina og lét línuna draga sig af berginu undir fossinn.

Og er Ketilbjörn sá það lést hann fara vilja með Þóri og kvað eitt skyldu yfir þá ganga. Fer hann þá ofan með strenginum. Þórir var nú kominn í hellinn og dró þá til sín hvern er ofan kom.

Þeir Þórir tendruðu ljós í hellinum og gengu þar til er vindi laust í móti þeim og slokknuðu þá login. Þá hét Þórir á Agnar til liðs og þegar kom elding mikil frá hellisdyrunum og gengu þá um stund við það ljós þar til er þeir heyrðu blástur til drekana. En jafnskjótt sem eldingin kom yfir drekana þá sofna þeir allir. En þá skorti eigi ljós er lýsti af gulli því er þeir lágu á. Þeir sáu hvar sverð voru og komu upp hjá þeim meðalkaflarnir. Þeir Þórir þrifu þá skjótt til sverðanna og síðan hlupu þeir yfir drekana og lögðu til hjartans. Þórir fékk tekið hjálminn af hinum mesta drekanum. Og í þessi svipan þrífur hinn mesti drekinn Þránd lang og fló með hann út úr hellinum og þegar hver að öðrum og hraut eldur af munni þeim með miklu eitri.

Nú sáu þeir er úti voru að glæddi úr fossinum. Þeir hlupu úr tjaldinu. En drekarnir flugu upp úr fossinum og einn drekinn hafði mann í munni sér. Þóttust þeir þá vita að allir mundu þeir látnir er í hellinn höfðu farið. Hljóp Björn þá upp á bergið og lagði málaspjóti á drekanum og fékk hann af því skjótan bana.

Nú er að segja frá Þóri og hans félögum að þeir afla sér mikils fjár í hellinum svo að það var margra manna fullfengi í gulli og mörgum dýrgripum.

51. Hvað segir Úlfur Þóri um hauginn?

- A Að eitthvað yfirnáttúrulegt sé þar á seyði.
- B Að honum sjálfum hafi mistekist að rjúfa hauginn.
- C Að Reginmóður hinn illi liggi þar heygður.
- D Að öllum hafi verið bannað að koma þar nærri.

52. Hvað merkir „kvikur“ í textanum?

- F dáinn
- G fljótur
- H lifandi
- I óður

53. Í draumi biður Agnar Þóri að hætta við áform sín vegna

- K erfiðra aðstæðna.
- L náinna ættartengsla.
- M ótryggs veðurútlits.
- N ríkjandi viðhorfa.

54. Að frátöldu gulli og silfri áttu gjafir Agnars það sameiginlegt að þær koma sér vel

- P á ferðalögum.
- R í bardaga.
- S við lækningar.
- T við matseld.

55. Hvernig bregst Þórir við tilboði draumamanns um gjafirnar?

- V Hann bregst glaður við.
- X Hann getur ekki leynt ánægju sinni.
- P Hann telur sig ekki hafa not fyrir þær.
- ✿ Æ Honum þykir ekki nóg að gert.

56. „Seint munu þín augu fyllt verða á fénu og því máttu vorkynna mér,“ sagði Agnar, „að mér þyki féð gott því að þú munt ærið mjög elska féð áður lýkur.“

Í þessum orðum felst

- A draumráðning.
- B forspá.
- C hótun.
- D hvatning.

57. Hvað varð til þess að Þórir féllst á að hætta við að rjúfa hauginn?

- F Hann hafði von um meira fé annars staðar.
- G Hann vildi halda friðinn við frænda sinn.
- H Honum varð mikið um viðbrögð frænda síns.
- I Honum þótti mikið til um gjafir draumamannsins.

58. Hvers vegna lagði Agnar svo vel á ráðin með Þóri?

- K Hann óttaðist reiði Þóris.
- L Hann vildi frænda sínum vel.
- M Til að halda eigin sjóðum óskiptum.
- N Til að losna undan álögum.

59. Úlfur réði Þóri frá ferðinni vegna þess að hann

- P óttaðist að Þórir yrði auðugri en hann.
- R óttaðist um líf Þóris.
- S taldi Þóri vanbúinn til fararinnar.
- T vildi sjálfur ná gullinu.

60. Hvaða vandamál blasti við Þóri og félögum þegar norður í Dumbshaf var komið?

- V Hræðsla greip ferðafélagana.
- X Illfært var að hellinum.
- P Stórt tré skyggði á hellinn.
- ✿ Æ Vantrausti var lýst á Þóri.

61. Hvers vegna fór Ketilbjörn með Þóri síðasta áfangann?

- A Hann vildi að þeir hlytu sömu örlög.
- B Hann vildi ekki vera skilinn einn eftir.
- C Hann vildi fá að reyna sig við drekana.
- D Hann vildi sinn skerf af auðæfunum.

62. Drekarinn sofnuðu þegar eldingin kom yfir þá vegna

- F áhrifa töfradrykkjarins.
- G álaga Þóris.
- H galdramáttar Agnars.
- I ofbirtunnar af henni.

63. Þegar stærsti drekin flaug með þránd lang út úr hellinum

- K flugu hinir drekar á eftir.
- L hjó Þórir hann banahöggi.
- M urðu hinir drekar eftir í hellinum.
- N voru drekar drepnir hver af öðrum.

64. Rauði þráðurinn í sögunni er

- P frændsemi.
- R græðgi.
- S hefnd.
- T svik.

65. Hvað í textanum minnir á ævintýri?

- V Berserkur kemur við sögu.
- X Draumur hefur úrslitaáhrif.
- P Gripir búa yfir töframætti.
- ✿ Æ Talnaminni bregður fyrir.

66. „Þetta var klaufalegt af bankamanninum,“ sagði lögfræðingurinn.

Hvar er þessari málsgrein rétt breytt í óbeina ræðu?

- A Lögfræðingurinn mælti; „Þetta var klaufalegt af bankamanninum.“
- B Lögfræðingurinn sagði að þetta hefði verið klaufalegt af bankamanninum.
- C Þetta fannst lögfræðingnum klaufalegt af bankamanninum.
- D Þetta var klaufalegt sagði lögfræðingurinn um bankamanninn.

67. Hvað telst ekki fullgild málsgrein?

- F Gakktu þinn veg.
- G Nú snjóar heldur betur.
- H Og gekk á braut.
- I Rignir?

68. Stofn nafnorða finnst í

- K nefnifalli.
- L þolfalli.
- M þágufalli.
- N eignarfalli.

69. Íbúar hafa mótmælt harðlega fyrirhuguðum breytingum sem leiða til þrenginga á aðkeyrslu að bílastæðum á suðurhlíð hússins. Hvað er rangt hér?

- P Röng forsetning er á einum stað.
- R Ekki er rétt samtenging á einum stað.
- S Lýsingarorð er rangt fallbeygt.
- T Nafnorð er rangt fallbeygt.

70. Sjómaðurinn var að veiða fisk.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið í setningunni?

- V atviksorðum
- X forsetningum
- P samtengingum
- ✿ Æ nafnháttarmerkjum

71. Hvaða orð á að hafa lítinn upphafsstaf?

- A Fjalla-Eyvindur
- B Haukdælir
- C Skírdagur
- D Þorláksmessa

72. Hvað telst gott mál?

- F Anna og Beta hafa reynst hver annarri vel.
- G Foreldrar verða að taka tillit til hvert annars.
- H Hvor bræðranna er sterkari?
- I Simmi og Bessi fylgjast grannt með hver öðrum.

73. Gamli bíllinn þótti betri á vondum vegum en sportbíllinn.

Hvað eiga lýsingarorðin í málsgreininni sameiginlegt?

- K Þau eru stundum atviksorð.
- L Þau hafa sterka beygingu.
- M Þau hafa veika beygingu.
- N Þau stigbreytast óreglulega.

74. Hvert orðanna er samsett úr nafnorði og lýsingarorði?

- P álappalegur
- R álver
- S fingralangur
- T fingurgull

75. Sumir fullyrða að reimt sé á Kili. Einhver fullyrta að „Kili“ ætti að rita „Kyli“.

Kennari nokkur útskýrði fyrir viðkomandi að svo væri ekki vegna þess að til væri regla sem segði að ef

- V einfaldur samhljóði væri á undan eða eftir „i“ væri ekki ritað „y“.
- X „ja“ eða „jö“ fyndist í stofni orðsins væri ekki skrifað „y“.
- P orðið hefði sterka beygingu væri ekki ritað „y“.
- ✿ Æ orðið væri sérnafn með áherslu á fyrsta atkvæði væri ekki ritað „y“.

76. Björninn braut þakið. Þakið var brotið.

Í fyrri setningunni er sögnin í ___?___ en í seinni er sögnin ___?___.

- A germynd – þolmynd
- B miðmynd – germynd
- C miðmynd – þolmynd
- D þolmynd – germynd

77. Hvaða málsgrein telst ekki gott mál?

- F Allt var gott af pólifaranum að segja.
- G Hlæjum ekki að hundinum því hann er spéhræddur.
- H Lögreglukonurnar leituðu af sér allan grun.
- I Systur mínar leituðu sér af íbúð í haust.

78. Hvert orðtakanna er komið úr sjómanna máli?

- K Grípa gæsina meðan hún gefst.
- L Hafa allt á hornum sér.
- M Koma einhverju á réttan kjöl.
- N Sleppa fram af sér beislinu.

ÞESSI SÍÐA Á AÐ VERA AUÐ